

Nd.

558. Frumvarp til laga

um breyting á hafnarlögum fyrir Húsavík, nr. 38 19. júní 1933.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

1. gr. laganna skal orða svo:

Til hafnargerðar á Húsavík veitast úr rikissjóði $\frac{2}{5}$ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 1200000 — ein milljón og tvö hundruð þúsund kr. —, gegn $\frac{3}{5}$ hlutum frá hafnar-sjóði Húsavíkur, enda sé ekki hafizt handa um framkvæmdir nema með leyfi ríkis-stjórnarinnar, að fengnum tillögum vitamálastjóra.

2. gr.

Upphaf 2. gr. laganna skal orða svo:

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd rikissjóðs allt að kr. 1800000 — einnar milljónar og átta hundruð þúsund króna — lán.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.